

Skráning ónæmisaðgerða

Allar ónæmisaðgerðir á að skrá í ónæmisaðgerðareininguna. Þaðan fara upplýsingar í miðlægan gagnagrunn Landlæknisembættisins. Ekki er lengur gert ráð fyrir skráningu á gömlu ónæmisaðgerðarblöðin og er mælt með því þau verði gerð óvirk.

Þegar ónæmisaðgerðaeiningin er opnuð kemur upp ónæmisaðgerðakort valins einstaklings eins og það er í grunni landlæknis. Hægt er að prenta út bólusetningarskírteini. Á forsíðu prentast persónuupplýsingar einstaklingsins og allar ónæmisaðgerðir hans en á baksíðuna prentast ofnæmi ef einhver eru (prentast sem A-4 blað sem brotið er saman).

Dags.	Aldur	Heiti	Uppruni - Stofn
18.06.2005	0á, 8m	Neisvac-c	Heilsugæsla T
18.04.2005	0á, 6m	Neisvac-c	Heilsugæsla T
18.03.2005	0á, 5m	Pentavac® bv + hib + kíg + mæn + stífk / diph + hib + pert + polio + tet	Heilsugæsla T
18.01.2005	0á, 3m	Pentavac® bv + hib + kíg + mæn + stífk / diph + hib + pert + polio + tet	Heilsugæsla T

Hér sést ónæmisaðgerðakort ellefu mánaða drengs sem fengið hefur hefðbundnar bóluefni fyrir ungbörn.

Eftirfarandi aðgerðir eru mögulegar í einingunni:



Skrá nýja ónæmisaðgerð,



Breyta skráningu



Skrá fyrri ónæmisaðgerðir (hægt er að velja bóluefni sem fallin eru af skrá).



Eyða skráningu



Skrá höfnun




Uppfæra (F5)

Athugið að allar aðgerðir sem gerðar eru með því að smella á táknmyndir er einnig hægt að framkvæma með því að staðsetja bendilinn í ónæmisaðgerðakortinu og hægri smella með músinni.

Þegar ská á ónæmisaðgerð á einstakling sem verið er að vinna með í eyðublaðaeiningu (á samskipti t.d. ungbarnavernd) er einfaldlega smellt á ónæmisaðgerðareininguna (Ctrl+Alt+o), bólusetning skráð og síðan aftur á eyðublöð (Ctrl+Alt+e) þegar skráningu aðgerðarinnar er lokið. Ef ská á aðgerðir aftur í tímann er hægt að velja samskipti í eyðublöðum sem skráningin á að fara í og fara síðan yfir í ónæmisaðgerðir.

Þegar skrá á ónæmisaðgerð beint úr afgreiðslukerfinu (á einstakling sem á engin samskipti) er

hann settur sem valinn með því að smella á táknmyndina . Síðan er ónæmisaðgerðareiningin valin og ónæmiskortið hans birtist. Einnig er hægt að velja einstakling í ónæmisaðgerðareiningunni sjálfri og velja sniðmát samskipta þar.

Nánari upplýsingar um skráningu á ónæmisaðgerð er að finna í handabók Sögu á www.emr.is

Með kveðju

EMR - Heilbrigðislausnir